

Magnúsi Pálssyni, kr. 7.800.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1960 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. nóvember 1963.

Nr. 147/1963. **Haraldarbúð h/f**

gegn

E. Th. Mathiesen h/f

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theódór B. Lindal.

Kærður frávísunardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. f. m., er barst dóminum 5. þ. m. Hann gerir þær dómkröfur, aðallega að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og frávísunarkrafa varnaraðilja eigi til greina tekin, en til vara, að meðferð aðalmálsins á bæjarþingi verði ómerkt frá þingfestingardegi, 21. marz 1963, og kveðið verði á um löglega meðferð þess frá þeim tíma. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Haraldarbúð h/f, greiði varnaraðilja, E.

Th. Mathiesen h/f, kærumálskostnað, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. október 1963.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m. vegna frávísunarkröfu stefnda, hefur Jón Bjarnason, Reykjavík, höfðað f. h. Haraldarbúðar h.f., hér í borg, með stefnu birtri 11. marz 1963 gegn E. Th. Mathiesen h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 15.843.00 með 8% ársvöxtum frá 1. maí 1961 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi hefur gert eftirfarandi dómkröfur:

- „a) að málinu verði vísað frá dómi, þar eð ég tel tvímælalaust, að mál þetta heyri undir sjó- og verzlunardóm. Auk þess krefst ég málskostnaðar úr hendi stefnanda.
- b) til vara er þess krafizt, að fallizt hinn virðulegi dómur ekki á aðalkröfur mínar, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður.“

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, stjórnarformaður stefnanda, hefur skýrt svo frá málavöxtum, að síðari hluta ársins 1960 hafi stefnanda verið sagt upp húsnæði því, er hann hafði á leigu fyrir verzlun sína í Austurstræti og um mánaðamótin október/nóvember 1960 hafi verzlunin verið lögð niður.

Stefnandi átti þá einhverjar vörubirgðir, og sneri Jón Bjarnason sér því til nokkurra fyrirtækja, er selt höfðu stefnanda vörur, og spurðist fyrir um það, hvort þau vildu taka til baka vörur, sem óseldar voru, þegar verzlunin hætti störfum.

Eitt af þessum fyrirtækjum var stefndi í máli þessu. Kveðst Jón Bjarnason hafa átt tal við framkvæmdastjóra stefnda og innt hann eftir því, hvort hann vildi ekki taka til baka nokkrar tylftir af sundbolum, er keyptir höfðu verið hjá stefnda. Kveður Jón Bjarnason framkvæmdastjórann hafa verið reiðubúinn til þess, en úr þessum viðskiptum hafi þá eigi orðið, með því að sundbolir þessir hafi verið falaðir af öðru fyrirtæki og seldir með samþykki stefnda.

Skömmu síðar kveðst Jón Bjarnason hafa hitt nefndan framkvæmdastjóra aftur og spurt hann þá, hvort hann í stað sundbolanna vildi ekki taka aftur herra-hálsbindi af svonefndri „Mata-dor“-gerð. Hafi framkvæmdastjórinn þá spurt að því, hvort nokkuð sæist á bindunum, og ef svo væri ekki, skyldi hann taka

þau til baka. Framkvæmdastjórinn hefur mótmælt því, að hann hafi lofað að taka hálsbindin til baka í þeim skilningi, að hann hafi keypt þau aftur af stefnanda, heldur hafi hann einungis lofað að reyna að selja þau fyrir stefnanda í umboðssölu.

Í ásbýrjun 1961 kveður Jón Bjarnason stefnda hafa verið send 249 stk. af bindum þessum ásamt nótu yfir verð þeirra. Reikningur hafi nú verið sendur nokkrum sinnum til stefnda, en hann hafi ekki fengizt greiddur og framkvæmdastjórinn borið því við, að stefndi hefði ekki keypt umrædd bindi, heldur tekið þau í umboðssölu.

Þar eð allar tilraunir til að fá nefndan reikning greiddan hafi reynzt árangurslausar, kveðst Jón Bjarnason hafa ritað stefnda kröfubréf, dags. 9. apríl 1962 og krafist hann um greiðslu fyrir 14. s. m.

Hinn 12. apríl 1962 fór framkvæmdastjóri stefnda við þriðja mann á skrifstofu Jóns Bjarnasonar og vildi skila honum aftur nefndum bindum. Tók Jón það eigi í mál, og fóru mennirnir við svo búið og tóku bindin með sér.

Hinn 12. marz 1963 fór framkvæmdastjóri stefnda enn við þriðja mann með hálsbindin á skrifstofu Jóns Bjarnasonar. Var Jón þá eigi við, svo að mennirnir skildu bindin eftir hjá Kristjáni Flygering, er skrifstofu hafði í sama húsi, og báðu hann að koma þeim til Jóns Bjarnasonar, sem hann og gerði.

Í bréfi til stefnda, dags. sama dag, sem atburður þessi gerðist, mótmælir Jón Bjarnason enn að veita hálsbindunum viðtöku, skorar á stefnda að láta fjarlægja þau og telur sig enga ábyrgð á þeim bera.

Stefndi byggir frávísunarkröfu sína á því, að samkvæmt 200. gr. 2. tl. laga nr. 85/1936 hafi borið að stefna máli þessu fyrir sjó- og verzlunardóm, þar sem hér sé um að ræða mál út af verzlunarskiptum kaupmanna sín á milli.

Stefnandi hefur krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og stefnda gert að greiða honum hæfilegan málskostnað í þessum þætti málsins. Þessa kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að bæjarþingsdómari geti jafnan kvatt til sérfróða menn til dómsstarfa, ef honum þykir þess þörf og sé það því alls ekki óhjákvæmileg nauðsyn að reka mál sem þetta fyrir sjó- og verzlunardómi.

Í XVI. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eru ákvæði um sjó- og verzlunardómsmál. Þar segir m. a. svo í 200. gr. laganna: „Sjó- og verzlunardómur fer með og

dæmir þessi mál: „..... 2. Mál út af verzlunarskiptum kaupmanna sín á milli, enda virðist dómara þörf sérþekk-
ingar til að fara með og dæma málið.“

Mál það, sem hér er um fjallað, er sprottið af verzlunarviðskiptum kaupmanna sín á milli, og með því að þörf er meðdóm-
enda, sérfróðra í verzlunarvenjum um viðskipti þau, sem hér hafa farið fram, ber að reka mál þetta fyrir sjó- og verzlunardómi.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með hliðsjón af 5. mgr. 200. gr. einkamálalaganna ber því vegna kröfu stefnda að vísa máli þessu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Eftir þessum málalyktum verður stefnanda samkvæmt 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 gert að gjalda stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 750.00.

Magnús Thoroddsen, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Stefnandi, Haraldarbúð h/f, gjaldi stefnda, E. Th. Mathiesen h/f, kr. 750.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirt-
ingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 2. desember 1963.

Nr. 17/1963. **Áki Jakobsson**
 gegn
 Krananum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Áki Jakobsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til rikissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.